

Fréttabréf AFLs

2. tbl. 2024

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson

Samráðsfundur með lögreglu

Í síðustu viku var haldinn samráðsfundur Lögreglunnar á Austurlandi með fulltrúum AFLs Starfsgreinafélags en lögreglufirvöld hafa hafið víðtækt samráð víða um land í kjölfar mansalsmálsins sem verið hefur áberandi í fréttum.

Reyndar hafa verkalyðsfélög landsins oft verið í sambandi við lögreglu þegar grunur leikur á um mansal eða aðra nauðung.

Frá AFLi mættu vinnustaðaeftirlitsfulltrúar AFLs og svo tveir aðrir starfsmenn – þ.m.t. starfsmaður með góða innsýn í samfélag innflytjenda á svæðinu. Á fundinum var farið yfir verkferla við vinnustaðaeftirlit og ýmis mál rædd í tengslum við eftirlitið.

Þá var fjallað um sjálfbodaliðastarf sem tíðkast á einstaka stöðum á svæðinu og jafnvel í efnahagslegri starfssemi – þ.e. við framleiðslu á neysluvöru eða sölu á þjónustu. Fyrirtæki sem notast við sjálfbodaliða eiga að greiða skatta að áætluðu verðmæti þeirrar vinnu sem þau fá án endurgjalds og sjálfbodaliðar eiga



AFL hefur í gegnum tíðina látið lögreglu vita af málum þar sem grunur leikur er um einbvers konar nauðung.

að greiða skatta af þeim verðmætum sem þeir fá fyrir vinnu sína – þ.e. fæði og húsnæði.

Þá er og ljóst að dæmi eru um að sjálfbodaliðar frá löndum utan EES hafa verið að störfum hér á landi við verðmætasköpun án

atvinnuleyfa og það er brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

AFL og fulltrúar lögreglu fóru yfir ýmis mál sem upp hafa komið síðustu ár og hvað tókst vel til í samskiptum milli aðila og hvað hefði mátt gera betur.

Þá voru sérstaklega ræddir nokkrir vinnustaðir á félagssvæðinu þar sem grunur leikur á um brot á réttindum fólks og jafnvel nauðung og munu fulltrúar AFLs hafa samband við lögreglu ef sá grunur styrkist við hefðbundið vinnustaðaeftirlit.

Félagakerfið Tótal stækkar

Í síðasta mánuði gengu fjögur verkalyðsfélög og sambönd til viðbótar inn í Tótal félagakerfi, sem þróað er af AFLi Starfsgreinafélagi. Það voru Rafiðnaðarsamband Íslands (með níu aðildarfélög), VM, Félag Vélstjóra- og málmteknimanna, Matvís og Eining-Iðja á Akureyri.

Þá eru viðræður við tvö önnur félög í gangi og eitt félag til viðbótar mun ganga inn í kerfið í haust.

Með þessari viðbót verða félagsmenn, sem nota „mínar síður“ í Tótal-félagakerfinu, fljótlega orðnir 70-80 þúsund.

Innleiðing nýju félaganna hefur reynt verulega á þanþol kerfisins og hugbúnaðarsérfræðinga Austurnets á Egilsstöðum. Ný félög hafa komið inn með nýjar kröfur og hugmyndir og hefur verið reynt að koma til móts við sjónarmið sem flestra. Við innleiðingu og

TOTAL
F É L A G A K E R F I

aðlögun kerfisins hafa unnið allt að 4-6 forritarar á vegum Austurnets síðustu mánuði.

Í tengslum við innleiðingu RSÍ, Matvís og VM verður skrifuð svokölluð þjónustugátt en það gerir verkalyðsfélögum kleyft að sameinast um þjónustu. Þá geta starfsmenn „þjónustugáttar“ haft aðgang að fleiri en einu félagi í einu og aðstoðað félagsmenn margra félaga með erindi.

Ofangreind félög reka einmitt þjónustuskrifstofuna 2F Þjónustuskrifstofu Fagfélaganna að Stórhöfða og verður þjónustugáttin sniðin að þörfum þeirra.

Fyrir í Tótal voru AFL, Verkalyðsfélagið Hlíf í Hafnarfirði, Efling Stéttarfélag í Reykjavík, Stéttarfélag Vesturlands og Stéttarfélagið Aldan á Sauðárkrók.

Nýr varaformaður AFLs

Birkir Snær Guðjónsson, var á síðasta stjórnarfundum kjörinn varaformaður félagsins.

2020 og síðustu tvö ár sem ritari. Hann er 38 ára ára gamall og býr á Fáskrúðsfirði.

Birkir Snær, sem starfar hjá Fjarðabyggð sem hafnarvörður, hefur verið virkur í starfi félagsins um árabil. Hann var trúnaðarmaður hjá Eimskip á Mjóeyrarhöfn og lykilmáður þegar starfsmenn undirvertaka á álverslóð gerðu sérstakan kjarasamning árið 2015. Birkir hefur setið í stjórn AFLs frá

Birkir tekur við af Sigurði Hólmi Freyssyni, sem verið hefur varaformaður AFLs frá stofnun þess 2007 en var áður formaður AFLs Starfsgreinafélags Austurlands sem var eitt stofnfélaga AFLs. Þar áður gegndi Sigurður trúnaðarstörfum fyrir Verkalyðsfélagið Árvakur á Eskifirði.



Unnið dómsmál – góð ráð til minni fyrirtækja

Lögmaður AFLs vann dómsmál um miðjan maí, fyrir hönd félagsmanns AFLs. Þetta er í sjálfu sér ekki til frásögu færandi – nema fyrir hvað þetta var mikið óþarfa mál og hvað afleiðingarnar geta verið slæmar fyrir lítil fyrirtæki.

Málið hófst með einföldum samskiptum milli starfsmanns og yfirmanns þar sem yfirmaðurinn viðurkenndi fúslega skuldina og lofaði greiðslu. Því lauk nú rösku hálfu öðru ári síðar með kostnaði sem áætla má á yfir tvær milljónir króna – en snerist í upphafi um 200 – 300.000.

Samskiptin fóru í skrófuna

Því miður voru samskipti við fyrirtækið mjög erfið frá upphafi og til dæmis svaraði fyrirtækið innheimtuaðvörun þannig „Við höfnum því algjörlega að fá einhverja innheimtuviðvörun með þessum hætti fyrir óstaðfestri skuld. Ég set lögfræðing okkar í að skoða þessar aðgerðir.“ Vitaskuld getur enginn hafnað því að fá innheimtuaðvörun – hún er send til uppfylla skilyrði Innheimtulaga (95/2008) og er forsenda þess að unnt sé að hefja frekari innheimtuaðgerðir.

Það var rauður þráður í málflutningi fyrirtækisins allan þennan tíma að það vantaði gögn og kröfum væri illa lýst. Í dómsorði er þessu hafnað alfarið og segir þar:

”30. Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort stefndi hafi getað haldið eftir greiðslu á grundvelli þess að hann hafi ekki fengið nægjanlegar upplýsingar um kröfuna frá stefnanda.

”31. Samkvæmt fyrirleggjandi gögnum málsins verður ekki annað séð en að stefndi hafi fengið allar upplýsingar um útlagðan kostnað og tímaskýrslu yfir vinnustundir, a.m.k. 3. nóvember 2022. Þessi gögn voru send að nýju 8. desember sama ár. Þá er þessi kostnaður rækilega sundurlíðaður í innheimtuviðvörun sem var send til stefnda 22. ágúst 2023, auk þess sem undirliggjandi gögn að baki þeirri sundurlíðun voru send stefnda að nýju 23. ágúst 2023.”

Dómurinn er því góður fyrir starfsmenn AFLs sem unnu að málinu og lögmann AFLs því þessir aðilar sátu undir ámæli fyrirtækisins allan tímann fyrir að hafa ekki stutt kröfur sínar gögnum og að gögn vantaði eða væru illa unnin. Dómarinn var ekki þeirrar skoðunar.

Varnaðarorð fyrir minni fyrirtæki

Stærri fyrirtæki eru yfirleitt með fasta lögmennt og sækja ráð til Samtaka atvinnulífsins eða annarra heildarsamtaka þegar ágreiningur



Málið var rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands.

verður um kaup og kjör. Það eru því oftast minni fyrirtæki sem enda með mál fyrir dómstólum og því miður ráða ekki alltaf fagleg sjónarmið ferðinni heldur brjóstvitið eða heimatilbúin réttlætiskenn.

Stundum ráða hreinlega persónuleg sjónarmið – þ.e. eiganda fyrirtækis er beinlínis illa við fyrrverandi starfsmann og vill því ekki greiða viðkomandi meinta launaskuld. Ef launagreiðandi er aðili að einhverjum launagreiðendasamtökum ráðum við þeim yfirleitt að sækja aðstoð þangað eða í það minnsta að fá aðstoð hjá lögmanni með reynslu af vinnumarkaðsmálum.

AFL fer ekki með innheimtumál til lögmanns nema félagið sé nokkuð vissu um að málið vinnist fyrir dómstólum eða ef um einhver grundvallaratriði er að ræða sem við teljum þörf á að fá úrskurð dómstóla um. Þannig að ef fyrirtækjum berst „innheimtuaðvörun“ frá félaginu – er eiginlega öruggt að málið hverfur ekki við að fyrirtæki ekki svari erindinu eða svari því með leiðindum. Það fer einfaldlega á næsta stig með tilheyrandi kostnaði.

Nokkrir ömurlegir sigrar

Því miður hafa nokkuð mál verið háð síðustu ár sem starfsmenn AFLs minnst ekki með neinni ánægju – þrátt fyrir að þau hafi unnist. Þá er um að ræða innheimtumál gagnvart litlum „fjölskyldufyrirtækjum“ þar sem ítrekað hefur verið reynt að ná sáttum og útkljá mál en eins og framar segir – er þá verið að glíma við „heimatilbúna réttlætiskenn“ og brjóstvit og skiptir þá litlu hvort viðkomandi er bent á viðeigandi ákvæði kjarasamninga og laga.

Síðasta nauðvörn launafólks við innheimtu vangoldinna launa er að höfða innheimtumál með aðstoð AFLs og lögmanns félagsins. Við getum því ekki annað en lokið máli sem við höfum hafið, fyrir

dómstólum ef engin önnur lausn býðst.

Í nokkrum málum síðasta áratug hefur upphafleg skuld verið allt niður í nokkra tugi þúsunda króna en endað með skelfilegum málskostnaði einhverjum misserum síðar. Í einhverjum tilvikum fóru menn alla leið í Hæstarétt með sömu niðurstöðu og enn hærri málskostnaði. Sum þessara fyrirtækja réðu illa við áfallinn málskostnað og í einhverjum tilvikum fóru þessi fyrirtæki í prot skömmu síðar.

Að lokum

Þegar fyrirtækjum berst innheimtubríf frá AFLi vegna mögulega vanreiknaðra launa er best að halda ró sinni. Starfsmenn félagsins eru algerlega reiðubúnir til að fara yfir kröfuna lið fyrir lið og benda á viðeigandi greinar í kjarasamningi þannig að fyrirtækjum er í lófa lagið að fara faglega og málefnalega yfir kröfuna og gera síðan athugasemdir og óska eftir leiðréttingum. Komi í ljós að einhver hluti kröfunnar er áður greiddur eða byggður á misskilningi endurreiknar starfsfólki kröfuna áður en lengra er haldið.

Vilji fyrirtæki grípa til varna vegna innheimtumála af þessum toga – ráðleggjum við eindregið að þau leiti til heildarsamtaka launagreiðenda ef þau tilheyra einhverjum slíkum og fái faglega aðstoð. Ef þau ekki eru aðilar að slíkum samtökum – að þau leiti til lögmanns með þekkingu og reynslu af vinnumarkaðsmálum.

Það er rétt fyrir fyrirtæki að hafa í huga að lögmennt taka gjald fyrir sína vinnu og oft eru reikningar lögmanns fljótt að ná þeirri upphæð sem verið er að verja. Þ.e. ef um lága kröfu er að ræða – getur verið betra að borga hana jafnvel þó viðkomandi sé ekki að fullu sáttur við það – því málskostnaður getur fljótt orðið mun hærri en krafan. Lögmennt heildarsamtaka launagreiðenda og

vanir vinnumarkaðslögmennt eru þaulvanir að fara yfir svona mál og gefa því yfirleitt góð og fagleg ráð. Þau geta sparað fyrirtækjum stórar fjárhæðir.

Tímalína málsins

September – desember 2022: Samskipti starfsmanns og fyrirtækis. Loforð um greiðslu sem ekki var efnt.

Október 2022 – júní 2023: Samskipti AFLs við fyrirtæki. Ítrekað erindi með greinagerðum og útreikningi. Samskiptin fóru nánast í upphafi í skrófuna og tóku mjög leiðinlega stefnu. Á þessu tímabili hvatti AFL ítrekað til að málið yrði gert upp án kostnaðar og í samráði við félagsmann var boðið upp á sátt. Framlögð gögn voru send fyrirtækinu oftast en einu sinni og útreikningar endurskoðaðir og yfirfarnir eftir athugasemdir þess.

Júlí 2023: AFL sendir fyrirtækinu formlega innheimtuaðvörun.

Ágúst – september 2023: Lögmannsstofu falið málið til innheimtu. Árangurslaus samskipti.

Október 2023: Máli stefnt.

Október 2023: Skilaboð frá fyrirtækinu um að það hafi fengið „landspekktan lögmann“ til að aðstoða sig.

Október 2023: Launakrafan greidd degi fyrir þingfestingu málsins í héraðsdómi án samskipta inn á fjárvörslureikning lögmannsstofu AFLs.

Nóvember 2023: Samskipti við fyrirtæki frá lögmannsstofu AFLs þar sem áréttað er að fallinn sé kostnaður á innheimtuna og þrátt fyrir greiðslu upphaflegu kröfu sé ekki málinu ekki lokið. Áfallinn málskostnaður um þrjú hundruð þúsund eða hærri en krafan sjálf sem var 289.000 með áföllnum vöxtum.

Nóvember 2023: Fyrirtækið hafnar alfarið greiðslu kostnaðar. Segist ekki hafa beðið um vinnu lögmanns AFLs.

Maí 2024: Dómur kveðinn upp. Félagsmáður AFLs vinnur launakröfu sína 100% og fær dæmðan málskostnað yfir 900.000. Fyrirtækið situr til viðbótar uppi með eigin málskostnað.

Ábyrgð á orlofshúsum

Unglingapartí á Einarstöðum

Á samráðsfundi AFLs og lögreglunnar á Egilsstöðum fyrir skömmu var farið yfir mál sem upp hafa komið í orlofshúabyggingdinni á Einarstöðum, þar sem AFL á 15 hús. Síðasta haust þurfti á stuttum tíma að kalla þrisvar snum á lögreglu vegna ótengdra atburða. Í öllum tilfellum var um unglingasamkvæmi að ræða þar sem drykkja og ólæti fóru fram úr hófi.

Í einu tilfellinu voru uppi ásakanir um kynferðisofbeldi. Félagið hefur ekki vitneskju um framhald þess máls.

Í einhverjum tilfellana voru leigutakar orðnir 18 ára og því sjálfráða og gátu leigt orlofshús án athugasemda en í einu tilfellinu höfðu foreldrar 17 ára félagsmanns gefið skriflegt leyfi til að viðkomandi mætti leigja orlofshús.

Talsverðar skemmdir verða á innbúi og jafnvel húsunum sjálfum í svona uppákomum.



AFL á 15 hús á Einarstöðum.

Ábyrgir aðilar greiða tjón

Leigutaki – þ.e. sá sem tekur orlofshúsið á leigu er alltaf ábyrgur fyrir öllum skemmdum og kostnaði. AFL sýnir litla þolinmæði fyrir því að dauðadrukkið fólk skemmi innbúi eða húsbúnað fyrir hundruði þúsunda og innheimtir því allt tjón að fullu.

Það er ekki óalgengt að unglingar, sem þannig eru ábyrgir fyrir leigunni, komi í fylgd foreldra og biði sér vægðar vegna innheimtu. Við gefum ekki afslátt af kostnaði en getum og höfum sýnt biðlund og leyft viðkomandi að greiða skemmdir í áföngum.

Þá hefur og komið fyrir að leigutakinn kemur með nafnalista yfir þá sem voru á staðnum og voru valdir að skemmdum og vilja að félagið innheimti hjá þeim aðilum. AFL hafnar því alfarið enda skýrt tekið fram á leigusamningi að leigutakinn sé ábyrgur fyrir öllum skemmdum sem verða.

Í einstaka tilfellum hafa skemmdir numið hundruðum þúsunda króna og hafa verið innheimtar að fullu.

Ótrúlegur sóðaskapur

Viðskilnaður við hús eftir stór samkvæmi er oft ótrúlegur. Það eru tóbakspokar um allt nágrennið, æla á gólfum, blóð í rúmum og allt óþrifið. Ræsting er innheimt að fullu eftir þessi partí. Þ.m.t. kostnaður við að ganga um lóðina í kring og týna upp tóbakspokana og þrifa upp glerbrot og annan óþrifið.

Almennt óþrifiðgjald er í dag 15.000 krónur og er þá miðað við að umsjónarmaður náði að koma húsi í leiguhæft ástand á einni klukkustund. Við meiriháttar þríf getur kostnaður numið allt að 100 þúsund krónum.

Börn og unglingar í aðstæðum sem þau ráða ekki við

Það eru dæmi um að talin hafa verið um 80 ungmenni út úr húsi sem er um 50 fm að stærð. Og þá flest illa drukkin. Það er því hættu á því að það sem átti að vera skemmtilegt kvöld í góðum kunningjahóp sé orðið stjórnlaust samkvæmi þar sem leigutakinn þekkir jafnvel ekki nema hluta af hópnum.

Þegar svona samkvæmi eru ganga skilaboð á samfélagsmiðlum og streyma þó oft eldri einstaklingar og meiri að burðum og vilja vera með í partíinu. Viðkomandi ungmenni hafa þá ekki getu eða burði til að vísa gestum á braut og sitja uppi með stjórnlaust samkvæmi og það á eigin kostnað og ábyrgð.

Ungmenni og unglingar geta þá verið komin í aðstæður sem þau ráða ekki við. Mögulega drukkin sjálf og með fullorðna eða hálffullorðna menn sem þau þekkja ekki í partíinu.

Hvað er til ráða?

Eftir samráð við lögregluna hefur AFL í hyggju að rýna verkferla við að leigja félagsmönnum undir 18 ára

aldri. Hingað til hefur leyfi foreldra þurft til en mögulega þarf að þyngra það leyfi verulega og krefja foreldra um að ganga í skilyrðislaus ábyrgð fyrir fjártjóni sem kann að verða, auk þess að vera á staðnum og bera ábyrgð á því sem fram fer.

Einnig verður rætt um mögulega verulega þyngd viðurlög við samkvæmishaldi í orlofseignum félagsins. Í dag er hefðbundið að leigutaki er útilokaður frá frekari leigum í allt að 12 mánuði ef mikil ólæti verða vegna partístands. Það er hins vegar ljóst að í stórum kunningjahópum hefur það

takmörkuð áhrif því það eru alltaf einhverjir aðrir sem leigja næst.

Það er þó tvennt sem vert er að hafa í huga. AFL hefur enga stöðu til að neita félagsmönnum 18 ára og eldri um að leigja bústaði ef viðkomandi eru fullgildir félagsmenn. Og hitt að skemmdir og ólæti eru ekki bundin við unglingapartí – heldur er oft ekki betri aðkoma eftir t.d. svokölluð vaktapartí sem tilteknir vinnustaðir halda. Það eru kannski ívið minni ólæti og minna um boðflennur en umgengni og óþríf geta verið með ólíkindum.

Breytingar á Vopnafirði

Gunnar Smári Guðmundsson, starfsmaður AFLs nánast síðasta aldarfjórðung mun láta af störfum 14. júní næstkomandi. Ása Kristín Árnadóttir kemur til starfa á Vopnafirði 18. júní og mun taka við verkefnum Gunnars varðandi umsjón með orlofsbókunum.

Ása hefur þegar verið í þjálfun í nokkra daga en Vopnafirðingar mega búast við að skrifstofan á Vopnafirði verði lokað dag og dag til að byrja með því við höfum í hyggju að fá Ásu í heimsókn á aðrar skrifstofur félagsins til að kynna samstarfsfólki og til að

fá kennslu og þjálfun í verkefnum félagsins.

Við munum þegar nær dregur birta á Facebook-síðu félagsins tilkynningar um lokanir á Vopnafirði með einhverjum fyrirvara.

Gunnari þökkum við samstarf í öll þessi ár og vitum að hans verður sárt saknað af mörgum sem hafa þurft sérstaka aðstoð t.d. vegna veikinda. En við minnum á að maður kemur í manns stað og við stefnum að því að veita ekki síðri þjónustu í framtíðinni.


Netfang Ásu er asakristin@asa.is og síminn verður sá sami og áður á Vopnafirði 4700-303.

Hvað er að fréttu af kjaraviðræðum?

Sveitarfélögin

Í síðasta fréttabréfi við búist við að kjarasamningur við sveitarfélögin væri á lokametrum og yrði kláraður fyrir lok apríl. Það gekk ekki eftir. Þótt haldnir hafi verið nokkrir samningafundir þokast lítið áfram. Síðast samningafundur var haldinn á mánudag. Stöðunni í viðræðum er ef til vill best lýst þannig að þeim fundi lauk án þess að boðað yrði til nýs fundar.

Til viðbótar við ágreining við sveitarfélögin í almennum viðræðum þá hefur bæjarstjórn Hornafjarðar boðað skerðingar á réttindum félagsmanna sem þar starfa, með uppsögn á ákvæðum sem eiga sér langa sögu, auk þess að segja upp hluta af launakjörum starfsmanna í leikskólum. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá fund til að ræða málin hafa fulltrúar sveitarfélagsins algerlega hunsað beiðni þar um en fyrsta beiðni um að var send fyrir



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, á fundi hjá Ríkissáttasemjara. Mynd: ASÍ

um þremur mánuðum síðan. Þessum sérmálum hefur samninganefnd sveitarfélögunna vísað heim í hérað.

Ríkið

Lítið hefur þokast í viðræðum við ríkissjóð vegna kjaramála starfsmanna sem starfa á stofnunum ríkisins. Þar, eins og hjá

sveitarfélögunum, er verið að ræða við mörg stéttarfélög opinberra starfsmanna samhliða viðræðum við okkur og því ekki einfalt að átta sig vel á hverju standar.

Vigdísarholt

Ósamið er við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu en Vigdísarholt

rekur hjúkrunarheimilið á Hornafirði. Reikna má með að viðræður þar hefjist í framhaldi af samningi við ríkið. Reyndar er staðan í viðræðum við samtökin í þeirri einkennilegu stöðu að deilan hefur verið í hendi ríkissáttasemjara frá því í fyrrahaust því að ekki var gengið frá kjarasamningi þar, heldur launin hækkuð, án þess að gengið væri frá kjarasamningi. Því má búast við erfiðri deilu þar sem um uppsafnaðar kröfur liggja á borðinu, auk þeirra nýju.

Smábátar vegna vinnu við línu og net

Samningar við Landssambands smábátáeigenda og samband smærri útgerða er á lokametrum og er vonast til að þeir klárast á næstu dögum.

Skrifstofan í Neskaupstað flytur

Stjórn AFLs hefur ákveðið að stefna að því að starfssemi félagsins í Neskaupstað flytji í nýja byggingu við Múlan sem áformað er að byggja á vetri á vetri komanda. Félagið hefur tryggt sér 50 fm pláss á jarðhæð í nýja húsinu.

Egilsbraut 11, hús félagsins, er orðið mjög viðhaldsþurfi og var undirbúningur hafinn að stóru

viðhaldsverkefni. Kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis var upp á tugi milljóna króna. Aðgengi að húsinu er mjög erfitt fyrir fatlaða og hafði það áhrif á ákvörðun stjórnar.

AFL hefur alltaf leigt frá sér hluta af húsinu á Egilsbraut en síðustu ár hefur verið mjög lítil eftirspurn eftir því húsnæði sem við höfum haft til leigu.

Húsið verður væntanlega boðið til sölu næsta vetur.



Samvinnuhúsið Múlinn í Neskaupstað.

Sumarvinnan og hvað þarf að varast

Á þessum dögum fjólgar félagsmönnum AFLs og annarra félaga hratt. Þúsundir ungmenna, erlendra sem innlendra, streyma nú á vinnumarkaðinn og þá aðallega í ferðarþjónustu en einnig í öðrum atvinnugreinum. Verkalyðsfélög fréttu lítt af þessum nýju félögum fyrr en í haust þegar þeir fara að koma á skrifstofur félögunna með fyrirsurnir og erindi.

Það er því tímabært að benda á hvað þarf að hafa í huga í nýju starfi.

1. Gera ráðningarsamning. Það dregst oft hjá launagreiðendum að ganga frá ráðningarsamningum – en þá er um að gera fyrir launafólk að vista öll samskipti þar sem kaup og kjör eru til umræðu. Síðar – þegar ágreiningur verður um hverju var lofað og hverju ekki – er gott að eiga samskipti af Messenger eða í tölvupósti.

2. Ef launagreiðandinn ekki vill gera ráðningarsamning eða staðfesta skriflega hvaða kjör hann er að bjóða – er lítil ástæða til að ætla að viðkomandi muni standa við lofordin.

3. Halda tímaskýrslu eða vista hjá sér út tímaskráningarkerfi launagreiðanda. Best að halda sitt eigið tímabókhald og það þarf ekki að vera flókið. Bara skrifa dagsetningu og klukkan hvað vinna hefst og hvenær henni lýkur.

4. Vista vaktaplön. Vaktaplön eru oftast hengd upp á vinnustað og þá er um að gera að taka mynd af vaktaplaninu. Þegar vöktum er ruglað með stuttum fyrirvara geta starfsmenn átt rétt á yfirvinnukaupi fyrir vaktina – ef hún er sett á nánast fyrirvaralaust og var ekki á fyrra vaktaplani.

5. Geyma alla launaseðla. Launaseðlar eru yfirleitt sendir í heimabanka fólks þannig að það þarf ekki að gera sérstakar ráðstafanir – en engu að síður ganga úr skugga um að allir launaseðlar séu tiltækir.

6. Halda vel utan um öll gögn og samskipti launagreiðanda. Ef laun eru vanreiknuð, tímar rangt skráðir eða starfsmenn hlunfnarnir á annan hátt getur munað miklu við innheimtu félagsins á því sem vangreitt er – að hafa góðan aðgang að öllum skjölum sem skipta máli.

7. Athugið að óheimilt er að draga húsaleigu af launum starfsmanna nema gerður sé húsaleigusamningur. Ef launagreiðandi leggur til húsnæði á endurgjalds hefur launþeginn rétt á húsnæðinu sem lengi sem ráðningarsambandið er virkt – að meðtöldum uppsagnarfresti.

8. Félagsaðild. Gangið úr skugga um að félagsgjöld séu dregin af launinum því ef launafólk þarf aðstoð við að ná fram rétti sínum er mikilvægt að vera í verkalyðsfélagi.